

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 2. júlí 2020
UST202006-238/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 – 2029 og nýtt deiliskipulag - Skáldabúðir - Hrútmúlavirkjun

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 19. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 – 2029 og nýju deiliskipulagi fyrir Hrútmúlavirkjun í Skáldabúðum.

Í greinargerð kemur fram að áformað er að reisa vindorkugarð fyrir allt að 25 vindmyllur með framleiðslugetu allt að 85 MW og gengur því breytingin út á að skilgreina iðnaðarsvæði á 750 ha landi í landi Skáldabúða. Í gildandi aðalskipulagi er jörðin skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Einnig verður gert ráð fyrir nýjum efnistökusvæðum til notkunar við framkvæmdirnar.

Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé metið hver áhrif breytingartillögunnar verði á lífríki (búsvæði fugla, gróður), landslag og ásynd, útivist, hljóðmengum frá vindmyllum og hvernig brugðist verði við ljósmengun, skuggavarp og ískasti frá vindmyllum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um ofangreinda þætti í breytingartillögunni þar sem hér er um að ræða umfangsmiklar framkvæmdir og stór mannvirki.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að staðarval fyrir umrædda starfsemi í tillögunni ráðist af því að sem minnst röskun verði á gróðri, votlendi og búsvæðum fugla og tekið sé tillit til verndargildis þessara þátta.

Umhverfisáhrif framkvæmdarinnar

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan fjalli ekki einungis um að skilgreina iðnaðarsvæði undir raforkuvinnsluna heldur er einnig verið að fjalla um önnur mannvirki sem henni tengjast. Umhverfisstofnun bendir því á mikilvægi þess að fjallað sé um í breytingartillögunni heildar áhrifaþætti framkvæmdarinnar, s.s. vegagerð, undirstöður, byggingar, tengingu við flutningskerfi raforku, (háspennulínur) og efnistöku til að hægt sé að meta heildar umhverfisáhrif breytingartillögunnar.



Ásýnd og landslag

Hér er um að ræða breytingartillögu sem mun hafa umtalsverð áhrif á ásýnd þar sem vindmyllur eru mjög stór mannvirki (þar sem spaðar geta risið allt að 200 m í hæstu stöðu skv. greinargerð) og geta valdið takmörkunum á annarri landnotkun vegna stærðar. Breytingin mun hafa áhrif á landslag og geta vindmyllur jafnvel verið ráðandi þáttur í landslagi vegna stærðar og hreyfingar spaða. Til að gera gleggri grein fyrir stærð og umfangi vindmyllanna telur Umhverfisstofnun að gera ætti myndir af mannvirkjunum þar sem þau eru borin saman við þekkt mannvirki. Myndir af Hallgrímskirkjuturni hafa oft verið notaðar í slíkan samanburð.

Umhverfisstofnun bendir á að áherslur eru skýrar í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd og í landsskipulagsstefnu varðandi ásýnd svæða. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landsskipulagsstefnu segir að mikilvægt sé að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falli að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því oft sést vítt yfir til sveita.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkennum lands eins og kostur er, en í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmíðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

Hljóðvist

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að reglugerð nr. 724/2008 um hávaða sé höfð til hliðsjónar við vinnslu tillögunnar en markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum af völdum hávaða. Í 4. gr. reglugerðarinnar segir: „Í viðauka, töflum I-III, eru tilgreind viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða frá umferð ökutækja, flugumferð og hvers konar atvinnustarfsemi. Þar sem dvalarsvæði á lóð er skilgreint skal þess jafnframt gætt að hljóðstig sé undir 55 LAeq. Á kyrrlátu svæði skal hljóðstig í þéttbýli ekki fara yfir Lden 50 dB(A) og í dreifbýli ekki yfir Lden 40 dB(A).“

Samlegðaráhrif - Raforkukerfi

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um í tillögunni hvort núverandi dreifikerfi muni anna raforkuflutningi frá orkuverinu og hvort nauðsynlegt sé að ráðast í byggingu nýrra raflína, endurbætur á tengivirkjum og lagningu jarðstrengja að tengivirki.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að sammögnunaráhrif séu metin, þar sem tekið sé tillit til umhverfisáhrifa annarra framkvæmda, sérstaklega ef nauðsynlegt sé að ráðast í byggingu nýrra raflína.

Óbyggð víðerni

Í 3.gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þar sem fjallað er um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni, segir í e. lið. 1. mgr: „Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.“

Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð, eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja,

og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvort tillagan hafi áhrif á óbyggð víðerni.

Vegir í náttúru Íslands

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Auk þess bendir stofnunin á að vinnu samkvæmt ákvæði þessu skal lokið fyrir árslok 2020.

Í 3. mgr ofangreindra laga segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skuli sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

Við gerð skrárinnar skulu sveitarfélög jafnframt hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaga, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar.

Vegagerðin heldur utan um skrána en sveitarfélög bera ábyrgð á að senda tillögur þegar vinna við aðalskipulag fer fram.

Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.


Niðurrif og förgun

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um líftíma vindmyllanna í tillögunni og það komi fram, ef gert er ráð fyrir niðurrifi eftir að rekstri lýkur, hverjar fyrirætlanir framkvæmdaraðila verða vegna frágangs, eins og förgun undirstaða og lagna á svæðinu.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst


Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri